

SAMÞYKKT

Hrunamannahrepps um sorpflutninga og sorpeyðingu.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Hrunamannahreppur annast gámaflutninga og sorpeyðingu í sveitarfélaginu og sorpsöfnun á tilgreindum stöðum. Heilbrigðisnefnd Suðurlands hefur eftirlit með framkvæmdinni og að farið sé að samþykkt þessari.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd gámaflutninga, sorpeyðingar og söfnun úrgangs. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á.

2. gr.

Sorpflutningar og sorpeyðing skal framkvæmd undir yfirstjórn eftirlitsaðila sveitarfélagsins og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast flutning sorps og sorpeyðingu á hverjum tíma. Einnig ber eftirlitsaðili ábyrgð á móttöku flokkaðra og endurnýtanlegra efna.

3. gr.

Gámasvæði skulu vera aðgengileg. Gámar skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum. Lífrænum úrgangi og jární skal komið fyrir í sérmerкта gáma. Spilliefnum og hættulegum úrgangi skal skilað í móttökustöð sveitarfélagsins.

4. gr.

Sveitarstjórn ákveður, að fengnum tillögum eftirlitsmanns sorpeyðingar og framkvæmdaraðila sorpflutninga, tíðni sorphreinsunar. Ákvörðun um skipulag, staðsetningu og tíðni hreinsunar á gámasvæðum skal auglýsa árlega. Fara skal að ákvæðum reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

II. KAFLI

Sorpeyðingargjöld.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar til að standa undir kostnaði við sorpsöfnun og hreinsun í samræmi við ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

6. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna sorpflutninga skal koma henni skriflega á framfæri til framkvæmdastjóra sveitarfélagsins.

7. gr.

Með brot á þessari samþykkt skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

8. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 3. janúar 2007.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.